

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/1337**  
**komudagur. 26.2.2003**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2003


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta (128. lþ. 2002-2003, þskj. 27 - 27. mál).**

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktunartillögu og sendir hér athugasemdir sínar.


FÍN styður tillöguna og telur mikla þörf á öflun grunnagna um náttúru Íslands. Félagið telur óraunhæft og óeðlilegt að einstök sveitarfélög eða framkvæmdaraðilar þurfi að leggja í og standa straum af kostnaði af öflun grunnagna, sem eigi að vera verkefni ríkisins. Það er álit FÍN að skilgreina þurfi náttúrufarsupplýsingar sem ríkið eigi að standa fyrir og kosta skráningu á. Slíkar upplýsingar eigi að vera öllum aðgengilegar.

Félagið vill benda á að af greinargerðinni sem fylgir tillögunni megi ráða að með náttúrufarskortum sé eingöngu um líffræðilegar upplýsingar að ræða. Bent er á að náttúrufarskort taka jafnframt til jarðfræðilegra upplýsinga.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga



Ína Björg Hjálmarsdóttir  
formaður FÍN



Sigurður Ásbjörnsson  
varaform. umhverfisnefndar FÍN